

Nd.

277. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Síðari máls. c-liðar 48. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan Vélstjórafélags Vestmannaeyja og eftir áskorun síðasta þings Alþýðusambands Íslands. Ákvæðið, sem lagt er til að falli burt úr lögnum, er svo hljóðandi: „Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefur öðlazi vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 32. gr.“

Frumvarpið mundi því, ef að lögum yrði, tryggja það, að jafnan væru 2 vélstjórar á hinum stærri vélbátum, og miðar það að auknu öryggi fyrir fiskimenn.